

AUGLÝSING
um breyting á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins
nr. 952/2009, með síðari breytingu.

1. gr.

2. másl. 1. gr. starfsreglnanna orðast svo:
Þingið skal haldið að vori og starfi í tvo daga yfir helgi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað tölustafsins „2“ fyrir framan orðið æskulýðsleiðtogar í stafliðum a–c í 1. mgr. kemur:
3.
- b. Á eftir orðinu „kirkjuþinginu“ í 2. mgr. kemur: sem hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.
- c. 1. másl. 3. mgr. orðast svo: Fulltrúar skulu vera á aldursbilinu 14 til 30 ára, skráðir í þjóðkirkjuna og starfandi og/eða búsettir í því kjördæmi sem þeir sitja fyrir.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 13. nóvember 2018.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2018